

AFMÆLISTÍÐINDI

Reykjavík, 1. janúar 2011

I. árgangur, I. tölublað


KYNNINGARRIT AFMÆLISNEFNDAR FORSÆTISRÁÐUNEYTTISINS VEGNA 200 ÁRA AFMÆLIS JÓNS SIGURÐSSONAR FORSETA 17. JÚNÍ 2011

200 ÁRA AFMÆLI JÓNS SIGURÐSSONAR FORSETA

Hinn 17. júní 2011 verða liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Þessara tímamóta verður minnst á margvíslegan hátt á árinu. Sýningum, viðburðum og útgáfu er ætlað að draga upp mynd af manninum Jóni Sigurðssyni, lífi hans og starfi, og þætti hans í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Viðamesta verkefni afmælisársins er endurreisn Safns Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Þar verður opnuð ný sýning í endurbættum húsakynnum við hátíðlega athöfn á Hrafnseyrarhátíð á þjóðhátíðardaginn.

Nafn Jóns Sigurðssonar er órjúfanlega tengt stofnun þjóðríkis á Íslandi. Hann hóf friðsama

baráttu fyrir pólitísku og efnahagslegu sjálfstæði Íslands um miðja 19. öld og bar höfuð og herðar yfir samtímamenn sína sem foringi Íslendinga. Eftir andlát hans var nafn hans sem lýsandi viti fyrir landsmenn alla og tengdist þeim sigrum sem unnir voru á vettvangi þjóðfrelsis og lýðrættinda. Það var engin tilviljun að Háskóli Íslands var stofnaður á 100 ára afmæli hans og íslenska lýðveldið var sömuleiðis stofnað á afmælisdegi hans 17. júní 1944. Sá dagur er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Jón Sigurðsson hefur ávallt verið sameiningartákn landsmanna, ekki síst þegar í harðbakkann slær, og vonandi mun svo enn verða um langa framtíð.



ÓSKABARN Í JANÚAR



Þjóðmenningarhúsið - 15. janúar
Æskan og Jón Sigurðsson.

Litrík sýning um sveitatrák í Arnarfirði, búðarsvein í Reykjavík, stúdent og stjórnmalamañn í Kaupmannahöfn; unnustuna þolinmóðu, fóstursoninn Sígga litla, byltingar í Evrópu og baráttumál Íslendinga á 19. öld. Sýningin er einkum ætluð börnum, ungu fólki og fjölskyldum. Höfundar eru Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og Sigurjón Jóhannsson myndlistarmaður.

KÆRI JÓN

Grunnskólarnir - í febrúar

Ritgerðasamkeppni í sendibréfsformi meðal grunnskólanema í 8. bekk. Sendibréfið var aðal samskiptamáti 19. aldar. Skrifað var með pennastöng á litla pappírsörk, brotið saman og innsiglað og nafn og heimilisfang viðtakanda skrifað utaná. Svo var beðið eftir svari með haustskipinu. Nú senda nemendur skeyti sem berast hvert sem er á einu andartaki. En það er líka gaman að fá bréf. Viðurkenningar og bókaverðlaun fyrir athyglisverðustu sendibréfin.



JÓN OG PENINGAR

Opinber mynd - Seðlabankinn 10. mars

Myntsafn Seðlabanka Íslands og Þjóðminjasafns Íslands efna til sýningar á peningaseðlum, minnispeningum, frímerkjum, minjagripum og ýmsu öðru útgefnu efni með mynd Jóns Sigurðssonar í samstarfi við Myntsafnarafélag Íslands. Sýningin verður opnuð 10. mars í sýningarsal myntsafnsins í Seðlabankanum.

AF HVERJUM ER STYTTAN?

Styttan af Jóni Sigurðssyni hefur staðið á Austurvelli frá 1931 en þar á undan stóð hún fyrir framan Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg í 20 ár, frá árinu 1911. Flestir vita af hverjum stytthan er, en það getur vafist fyrir ferðamönnum, og ef til vill fleirum, því hún hefur verið ómerkt með öllu í 100 ár. Úr því hefur nú verð bætt því koparplata með eftirfarandi texta var sett á bakhlíð fótstallsins í upphafi afmælisársins:

JÓN SIGURÐSSON FORSETI

17.6.1811 — 7.12.1879

Leiðtogi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld. Styttuna og lágmyndina „Brautryðjandinn“ gerði Einar Jónsson myndhöggvari í tilefni af 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 1911. Íslendingar austan hafs og vestan gáfu styttna. Hún var reist við Stjórnarráðshúsið 1911 en flutt á Austurvöll 1931.

JÓN OG ATVINNULÍFIÐ

Hofi á Akureyri - 25. mars



Samtök atvinnulífsins efna til málfings um Jón Sigurðsson og sýn hans á atvinnulífið föstudaginn 25. mars. Fjórir fyrirlesarar fjalla um áhrif Jóns Sigurðssonar á atvinnulíf á Íslandi í fortíð, nútíð og framtíð. Sjá götuanglýsingar síðar.



LÍFSVERK

Þjóðarþóðbókhláðan - 20. apríl

Sýning á völdum handritum og skjölum Jóns Sigurðssonar í Þjóðarþóðbókhlöðu. Jón Sigurðsson var ötull fræðimaður og vann gríðarmikið starf við rannsóknir og útgáfu á handritum sem varða sögu Íslendinga. Að sýningunni standa Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafn Íslands og Skjalasafn Alþingis. Enn fremur verður tekin saman skrá yfir bréf, handrit, skjöl, prentuð og útgefin verk Jóns Sigurðssonar.



HÍÐ ÍSLENSKA ÞJÓÐVINAFÉLAG

Hátíðarfundur verður haldinn á Sal Lærða skólans í Reykjavík hinn 17. júní 2011. Nánar auglýst síðar.

AFMÆLISTÍÐINDI

Kemur út í upphafi árs í tilefni 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar.

Kynning á dagskrá afmælisársins.

Sjá nánar á vefnum


www.jonsigurdsson.is

Ritstjórn: Björn G. Björnsson

Umbrot/hönnun: 2B Hönnunarstofa

Prentsmiðja: Litróf

Pappír GE: Munken Pure Rough 170g



LEYNISKJÖL Á NETIÐ?

Í tengslum við sýninguna Lífsverk hefur jöfnum höndum verið unnið að stafrænni endurgerð um hundrað þúsund blaðsíðna af skjallægum gögnum Jóns Sigurðssonar. Þessi gögn verða gerð aðgengileg á netinu fyrir almenning og fræðasamfélagið og þannig opnast dyr að miklum fjársjóði efnis sem tengist Jóni Sigurðssyni og lífsverki hans. Hér er kannski ekki um „leyniskjöl“ að ræða, en mörg þeirra hafa aldrei komið fyrir augu almennings á þennan hátt. Aðgangur að þessu gagnasafni verður opnaður 20. apríl á vefnum www.jonsigurdsson.is.



NÝ BÓK UM JÓN

Sögufélag

Bókin Jón Sigurðsson forseti. Samband þjóðar og hetju í 200 ár, 1811-2011, eftir Pál Björnsson sagnfræðing, kemur út á afmælisárinu. Jón Sigurðsson forseti (1811-1879) varð að þjóðhetju með forystu sinni í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld. Allar götur síðan hefur minningin um hann verið sterk meðal landsmanna. Jón forseti varð í raun eitt mikilvægasta sameiningartákn Íslendinga, tákn sem gegndi miðlægu hlutverki í myndun og viðhaldi íslenska þjóðríkisins á 20. öld. Bókin fjallar um þessar minningar og hvernig þær hafa birst með margvíslegum hætti, til að mynda í bókum, minningarritum, tímaritsgreinum, sögusýningum, hátíðarhöldum, minnismerkjum, kveðskap, minjagripum, myndum, málverkum og pólitískum deilum. Bókin sýnir á hvern hátt opinberir aðilar, félagasamtök, fjölmiðlar, stjórnmalamenn, fyrirtæki og almenn-ingur hafa nýtt sér táknmyndina af Jóni Sigurðssyni forseta.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

1911-2011

ÞJÓÐIR OG ÞJÓÐHETJUR

Háskóli Íslands - 27. maí

Málþing í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands og 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar forseta. Hvernig þjóðhetja var Jón Sigurðsson? Hvaða hlutverki gegna þjóðhetjur? Þurfa þjóðir á hetjum að halda?

Innlendir og erlendir fræðimenn fjalla um forvitni-legt umræðuefni frá ólíkum sjónarhornum.



LEIÐTOGINN

Þjóðminjasafnið - júní

Á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins „Þjóð verður til - menning og samfélag í 1200 ár“ er sérstök umfjöllun um Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttuna.

Þessi þáttur sýningarinnar verður endurnýjaður m.a. með nýju margmiðlunarefni sem er sérstaklega gert í tilefni afmælisársins.



LÍTIL FISKIBÓK



Víkin-Sjóminjasafn - Hátíð hafsins 4. júní
Byggðasafn Vestfjarða - Sjómannadaginn 5. júní
Sýning um fiskveiðar og sjósókn byggð á kveri Jóns Sigurðssonar „Lítill fiskibók“ sem kom út árið 1859. Sambærileg sýning í Reykjavík og á Ísafirði en með ólíkum safnkosti.




ENDURREISN HRAFNSEYRAR

Þegar leið að því að undirbúa 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar forseta var tekin ákvörðun um að ráðast í talsverðar endurbætur á húsakynnum á Hrafnseyri og setja þar upp nýja sýningu sem stæðist kröfur nútímans um gott aðgengi gesta og miðlun sögunnar. Húsið á Hrafnseyri var byggt um 1960 sem skólahús og löngu kominn tími á viðhald þess og endurnýjun sýningarinnar sem var sett upp 1980. Hornsteinar arkitektar fengu það verkefni að hanna breytingar á húsakynnum. Íbúð staðarhaldara verður flutt upp á efri hæðina og öll neðri hæðin tekin undir sýningu.

Nýr inngangur verður að sýningunni með mjög bættu aðgengi en breytingum á ytra útliti hússins er haldið í lágmarki. Kapellan er óbreytt á sínum stað. Basalt arkitektar unnu samkeppni um hönnun nýrrar sýningar en verðlaunatillaga þeirra, „Tímanna rás“ er afar nýstárleg. Þar líður fram um 90 m langur veggur úr plexi-gleri þar sem saga Jóns Sigurðssonar er rakin í máli og myndum ásamt margmiðlun af ýmsu tagi sem er unnin af Gagarín. Höfundur sýningartexta er Guðjón Friðriksson sagnfræðingur.

EINLEIKUR



Hrafnseyri - 17. júní

Elfar Logi Hannesson leikari og stjórnandi Kómedíuleikhússins á Ísafirði hefur samið einleik um Jón Sigurðsson sem hann frumflytur á Hrafnseyri 17. júní og leikur fyrir gesti staðarins næstu helgar á eftir.



MARGMIÐLUN

Vefurinn www.jonsigurðsson.is - 17. júní

Um leið og ný sýning opnar á Hrafnseyri verður opnaður aðgangur að fjölbreyttu margmiðlunarfni á vefnum www.jonsigurðsson.is

Uppistaða þess er margþættur tímaás sem spannar alla 19. öldina. Þar er hægt að fara fram og aftur og fræðast um 6 svið; lífshlaup Jóns Sigurðssonar, fræðastörf hans og stjórn málaþátttöku, en einnig um samtímaviðburði á Íslandi, í Danmörku og heiminum öllum. Unnið af Gagarín, texti eftir Guðjón Friðriksson sagnfræðing.

Hátíð á Hrafnseyri

Hér með tilkynnist að hátíð verður haldin á Hrafnseyri 17. júní í tilefni af 200 ára afmæli **Jóns Sigurðssonar**

Verið velkomin
Virðingarfyllst.

Hrafnseyrarnefnd

- TÍMANNA RÁS -

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri - 17. júní



Ný sýning um einkahagi, vísindastörf og stjórn málaþátttöku Jóns Sigurðssonar og nítjándu öldina á Íslandi og í Evrópu. Verðlaunatillaga Basalt arkitekta í endurbættum húsakynnum á Hrafnseyri. Sýningin verður opnuð á Hrafnseyrar-hátíð 17. júní.

FYRSTADAGSUMSLAG



Einstakt tækifæri

Pósturinn gerir hér með kunnugt að frímerki með **Jóni forseta** verður gefið út þann 17. júní 2011.

Höfundur verðlaunatillögu í samkeppni Íslandspósts og FÍT er **Borgar Hjörleifur Árnason**.




PÓSTURINN

Talsími 580 1000, www.postur.is

Forvitnileg bók

Sögufélag kynnir nýja bók
Jón Sigurðsson forseti.
 Samband þjóðar og hetju í 200 ár,
 1811-2011 eftir Pál Björnsson.

SÖGUFÉLAG



Fischersundi 3, 101 Reykjavík
 Talsími: 551 4620 – www.sogufelag.is

Hrafnseyri-kaffihús

(inngangur í gamla bæinn) mælir með
 sínum vöflum og heitu súkkulaði.

Verið velkomin

Valdimar J. Halldórsson



HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

*Heldur málþing um störf
 Jóns Sigurðssonar á vettvangi félagsins.
 Nánar auglýst síðar.*

Nýtt

www.jonsigurdsson.is

Nýtt



Vér kynnum nýjan vef
 þar sem hægt er að
 nálgast fróðleik um
Jón Sigurðsson
 bæði í máli, myndum
 og margmiðlunarefni.

Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar.



SAMKOMA Í JÓNSHÚSI

Jónshús í Kaupmannahöfn - 17. júní

Samkoma verður í Jónshúsi við Øster Vold á
 þjóðhátíðardaginn. Við það tækifæri verður
 kynntur bæklingur um slóðir Jóns Sigurðssonar í
 Kaupmannahöfn eftir Guðjón Friðriksson sagn-
 fræðing með tillögum um gönguferðir.
 Útgefandi er Alþingi.



Í VESTURHEIMI

Á Íslendingaslóðum - 17.-19. júní

Vestur-Íslendingar halda tryggð við gamla ætt-
 landið og þeir sýna minningu Jóns Sigurðssonar
 mikla virðingu. Styttu af Jóni Sigurðssyni stendur
 við þinghúsið í Winnipeg, eins og sú sem er á
 Austurvelli. Leikin dagskrá um Jón Sigurðsson
 verður flutt í Winnipeg í Manitobafylki og
 Markerville í Albertafylki í Kanada og einnig í
 Mountain í Norður-Dakota í Bandaríkjunum
 dagana í kring um 17. júní. Leikararnir Arnar
 Jónsson og Hilmar Guðjónsson flytja dagskrána.
 Handrit og leikstjórn: Sveinn Einarsson.



ALÞINGISHÚS Í 35 ÁR

Menntaskólinn í Reykjavík

Híð endurreista Alþingi var háð á Sal Lærða
 skólans frá 1845 til 1879, þar til nýtt Alþingishús
 var tekið í notkun 1881, eða allan tímann sem Jón
 Sigurðsson sat á þingi. Þingsalurinn verður til
 sýnis virka daga í sumar.



AFMÆLISNEFNDIN

Alþingi fól forsætisráðherra að skipa nefnd til
 að undirbúa hvernig minnast eigi þess að
 17. júní 2011 verða liðin 200 ár frá fæðingu
 Jóns Sigurðssonar forseta.

Nefndin var skipuð þann 17. júní 2007. Hana
 skipa auk formannsins, Sólveigar Péturs-
 dóttur, Karl M. Kristjánsson fulltrúi Alþingis,
 Eiríkur Finnur Greipsson fulltrúi Hrafnseyrar-
 nefndar og fulltrúar stjórnmalaflokka sem
 áttu sæti á Alþingi 2007, þau Ásthildur
 Sturludóttir, Finnbogi Hermannsson, Kristinn
 H. Gunnarsson, Sigrún Magnúsdóttir og
 Sigurður Pétursson.

Verkefnisstjóri nefndarinnar er Björn G.
 Björnsson hönnuður og tengiliður við forsætis-
 ráðuneytið er Sigrún Ólafsdóttir.

Í FÓTSPOR JÓNS Í KÖBEN

Sögugöngur hefjast um
 slóðir Jóns Sigurðssonar
 í Kaupmannahöfn.

*EKKI MISSA AF ÞESSU EF ÞÉR
 FARIÐ Í SIGLINGU.*

Jónshús í Kaupmannahöfn

